

Fundur í Betadeild 4. nóv. 2003

haldinn í húsnæði HA Þingvallastræti

Anna Þóra setti fundinn og kveikti á kertunum þremur táknum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Fundinn sátu 11 konur.

1. Orð til umhugsunar; starfið mitt: Lilja Sæmundsdóttir.

Lilja gerði grein fyrir starfi sínu í Fjölmennt (áður fullorðinsfræðslu fatlaðra) þar sem hún er deildarstjóri og starfi sínu við starfsdeild verkmenntaskólans.

Landssamtökin þroskahjálp, Öryrkjasamband Íslands gerðu samning við Menntamálaráðuneytið um starfsrækslu Fjölmenntar á Akureyri, Reykjavík og Selfossi. Þar fer fram fræðsluþjónusta við einstaklinga með þroskaskerðingu frá 16 ára aldri. Lilja gerði grein fyrir fræðslutilboðum, m.a. er boðið er upp á mislöng námskeið ss. tónlist, leiklist, íþróttir, tómstundir, snyrtingu, heimilisfræði og fl. Mörg námskeiðanna eru kennd víðs vegar um bæinn m.a. á Bjargi í VMA, á Hjalpræðishernum og í sundlaug Akureyrar. Fyrirhugað er samstarf við fleiri stofnanir í bænum. Meginviðfangsefni Lilju sem deildarstjóra lúta að endurskoðun námsvísis Fjölmenntar og húsnæðismálum skólans. Í starfsdeild verkmenntaskólans stundar breiður hópur nemenda nám. Um er að ræða nemendur með þroskaskerðingu, hreyfihömlun eða aðrar hamlanir. Nemendum er kennt samkvæmt einstaklingsnámskrá, stunda nám í almennri kennslu VMA eftir því sem kostur er en í starfsdeildinni þess utan. Mikil áhersla er lögð á sjálfstæði og sjálfsábyrgð nemenda. Lilja telur starfið í deildinni til fyrirmyndar.

2. Fundargerð síðasta fundar.

Halldóra las fundargerð og var hún samþykkt með viðbótum.

3. Fréttir og upplýsingar

A) Anna Þóra las upp þakkabréf sem hún sendi Jennu Jensdóttur (sbr síðustu fundargerð).

B) Deildinni hefur borist annað bréf frá Jennu og með því saga sem hún skrifaði unglingsstúlka sumarið 1932. Sagan er varðveitt ásamt gögnum deildarinnar og er félagskonum velkomið að fá hana að láni hjá Önnu Þóru.

C) Bréf barst frá stýrihópi Evrópuráðstefnu. Þar kom m.a. fram að 211 konur sóttu ráðstefnuna þar af 62 íslenskar. 50 félagskonur störfuðu í nefndum í tengslum við ráðstefnunna, kostnaður var um 2.5 milljónir og stóð fjáröflun undir kostnaði. Erlendu gestirnir lýstu ánægju sinni með skipulag, framkvæmd og samstöðu á ráðstefnunni. Stýrihópur þakkar félagskonum vel unnin störf.

D) Kynnt voru gjaldkeraskipti. Sólveigu Hrafnisdóttur voru þökkuð vel unnin störf og Jóhanna Þorsteinsdóttir boðin velkomin til starfa.

E) Félagatali og vetrardagskrá dreift.

F) Tvær konur hafa sagt sig úr félaginu, þær Margrét Björgvinsdóttir sem flutt er til Kanada og Sólveig Hrafnisdóttir. Þessum konum voru þökkuð störf í þágu deildarinnar og óskað velfarnaðar.

4. Önnur mál

A) Nýir félagar. Í deildinni eru nú starfandi 21 kona. Rætt var um að bjóða fleiri konum þátttöku í deildinni. Kynningar verða á bóka fundi í janúar.

B) Rósa sagði frá 75 ára afmæli félagsins. Ræddar voru hugmyndir um aðgerðir í tilefni þess og samkomulag um að styðja þá hugmynd að stofna nýja deild eða deildir á afmælisárinu, en talað er um stofnun deildar á Vestfjörðum og í Reykjavík.

C) Rósa ræddi einnig tillögu um hugsanlegt vorþing í tilefni afmælisárs.

D) Halldóra lagði fram kaffalista. Ef þörf er á tilfærslu á milli funda sjá konur sjálfar um að fá aðra í sinn stað til þess að sjá um veitingar.

5. Kaffi og happdrætti. Vinninginn hlaut Lilja Sæmundsdóttir.

6. Kynning á meistaraþrófsverkefni; Rósa Júlíusdóttir.

Í rannsókn sinni fjallaði Rósa um gildi listsköpunar í daglegu lífi ungmenna. Hún ræddi við 20 ungmenni 13-17 ára; 10 sem höfðu ánægju af listsköpun og önnur 10 sem flest höfðu verið í myndlistarnámi frá 5 ára aldri. Nemendur tóku myndverk með sér í viðtalið, þau túlkuðu verkið og gerðu grein fyrir hvaða þýðingu verkið hefði fyrir þau. Rósa flokkaði túlkun ungmennanna í 6 flokka í samræmi við þau hugtök sem þau notuðu sjálf oftast.

Megin niðurstöður Rósu eru að gildi listsköpunar skiptir máli og er þýðingarmikil í daglegu lífi ungmenna. *Kjarni merkingar í hinu listræna sköpunarferli endurspeglar þætti úr daglegu lífi þeirra. Sjálfsskilningur sem byggir á myndsköpun undirstrikar hið einstæða í hverjum einstaklingi.*

Á næsta fundi mun Anna Þóra segja frá starfi sínu.

Fundi slitið
Halldóra Haraldsdóttir